

Rannsókn á umferðarmenningu og mannlegum þáttum tengdum umferðaröryggi.

Aðaltilgangur rannsóknarinnar er að stuðla að auknu umferðaröryggi. Langtímamarkmið er að bæta umferðarmenningu. Til þess þarf sífellda endurskoðun á umfjöllun um umferðaröryggismál og því hvernig öryggis- og áhættustjórnun umferðar í landinu skuli vera háttáð. Þetta tekur því til stjórnsýslu jafnt sem hættugreininga á vegaköflum svo og háttætti og breytni hins almenna ökumanns.

Verkefnið er komið af stað og hefur í þessu 1. kynningarerindi verið lögð áhersla á að kynna til sögunnar þau þekkingarsvið sem samanlagt ná að fjalla um hugtakið umferðarmenningu. Hugtakið er töluvert notað í umfjöllun um umferð, en menn spyrja gjarnan hvað sé á bak við þetta hugtak og mönnum finnst þeir ekki vita hvað um er að ræða. Rannsóknir á umferðarmenningu eru nýjar af nálinni en fjallað hefur verið um hliðtengt svið í töluverðan tíma. Nýverið, eða árið 2005 hugðist danska umferðarráðið halda við umferðarátaki um umferðarmenningu allt til ársins 2020, en ekki varð úr að því yrði haldið áfram og má draga þá ályktun að verkefnið hafi ekki verið nógu vel undirbúið.

Umferðarsálfræði og upplýsingasálfræði eru mikilvægar greinar sem fjalla um skynjun og viðbrögð manna í umferðinni og taka þær mið af því, hvernig mannsheilinn vinnur úr upplýsingum og hvernig tilfinningavitund mannsins skapar honum hegðun í umferðinni sem ekki eru ávallt ákjósanleg. Lengi hefur verið kvartað undan því að menn byðu hættunni heim með hraðaakstri, ölvunarakstri, og að menn ækju um án þess að vera í beltum, einnig að menn ækju um örþreyttir þannig að þeir sofnuðu við stýrið án mikils fyrirvara. Í svokölluðu Rannsóknarprógrammi voru fjölmargir þættir rannsakaðir og var athygli beint að yngri ökumönnum og að eldri ökumönnum en þessir hópar hafa hvor með sínum hætti verið tengdir við mikla slysatíðni og áhættusaman akstur.

Í dag er þessum málum mun betur fyrirkommið hjá okkur en áður var. Menntun ökumanna er mun betri og ítarlegri og fylgst er betur með því að aldraðir heilsuveilir ökumenn séu ekki á ferðalagi í umferðinni. Vegakerfið hefur tekið miklum breytingum í framfaraátt og sérstök stofnun Umferðarstofa heldur utan um skráningarmál umferðarslysa og ökutækjabúnaðar. Vegagerðin er þátttakandi í alþjóðlegu matskerfi um ástand vega, þar sem markmiðið er að gera vegi öruggari. Sérstök nefnd, Rannsóknarnefnd Umferðarslysa fjallar um dauðaslys og tiltekin umferðarvandamál og nefndin hefur verið mjög virk í því að gefa út ítarlegar og góðar rannsóknarskýrslur en einnig almennar leiðbeiningarskýrslur. En allir eru sammála um það að tíðni umferðarslysa sé allt of há og langt umfram það að vera ásættanleg.

En hvernig ber að virkja þekkinguna sem best? Flestir munu sammála um að þekkingin sem til er um umferðaröryggi fari langt í það að bæta vandamálið ef henni er beitt á réttan hátt. Um þetta snýst málið en áhættuhópar í umferð hafa mikið verið rannsakaðir á undanförunum árum, en nú virðist nauðsyn á því að menn hugsi meir um bifreiðina og samfélagslegan þátt hennar og breyti tjáningu sinni með bifreiðinni. Hugmyndin um vistakstur hefur fengið góðan stuðning en hér er gengið lengra og bifreiðin og ökumaður eru sálgreind saman og sitt í hvoru lagi og samskiptin í umferðinni eru greind af miklu meiri nákvæmni en áður. Markmiðið er að sjálfsögðu að fá menn til að breyta viðhorfum og síðan hegðun. Hér er meiningin að ná til allra aldursflokka í umferðinni og gefa þeim tækifæri á sjálfsskoðun í þverfaglegu samhengi sem geri þeim kleyft að bæta sitt framlag til heildarinnar, þannig að meiri vitneskja fáiast og síðar betri árangur í kjölfar hennar.

Dr.-Ing. Haraldur Sigþórsson, lektor við HR leiðir verkefnið. Aðrir þátttakendur eru Dr.-Ing. Stefán Einarsson áhættufræðingur/efnaverkfræðingur og Ágúst Mogensen framkvæmdastjóri Rannsóknarnefndar umferðarslysa.